

**Námsáætlun Lífsleikni - 4. bekkur
skólaárið 2017 – 2018**



Kennari: Jónína Holm.
Tímafjöldi: 1 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p>Sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífsstíll.</p>	<ul style="list-style-type: none"> *virði leikreglur í hópleikjum *þjálfist í að tjá tilfinningar sínar, hugsanir og væntingar á ýmsan hátt t.d. með orðum, myndum eða látbragði s.s. á bekkjarfundum *geti sett sig í spor deiluaðila og leitað sáttaleiða t.d. á bekkjarfundum *geti sett sig í spor ólíkra persóna og geri sér grein fyrir að ekki eru allir eins og viti að við komum frá ólíkum fjölskyldum *æfi sig í að setja sér markmið t.d. varðandi heilsu, nám o.fl. *skilji afleiðingar orða sinna og gerða *kynnist einkunnarorðum skólans 	<p>Í upphafi vetrar búa nemendur til bekkjareglur sem byggðar eru á einkunnarorðum skólans og eiga að efla og styrkja bekkjarandann. Þessum reglum er komið fyrir í skólastofunni svo hægt sé að minna á þær og ræða hvenær sem tækifæri gefst. Einnig verða bekkjarfundir skv. Olweusaráætlun. Mikilvægt er að hafa í huga að allar námsgreinar grunnskólans fela í sér lífsleikni sem og öll samskipti kennara og starfsfólks skólans við nemendur og á milli þeirra. Umræður, einstaklings- og hópverkefni. Kennslan byggist aðallega á umræðum og æfingum í góðum samskiptum og fræðslu um samfélagið sem og verkefnavinnu.</p>	<p>Umsögn.</p>

Námsgögn: Spor 4, auk ítarefnis frá kennara.

Lokanámsmat: Umsögn.